

Nd.

276. Frumvarp til laga

[140. mál]

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Flm.: Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Gjald það, sem á er lagt samkvæmt þessari grein, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Greinargerð.

Jafnhliða þessu frumvarpi er endurflutt frv. það um breyting á lögum um iðnlánasjóð, sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt á þremur þingum, en eigi náð fram að ganga. Er þar lagt til, að iðnlánasjóður veiti framvegis eingöngu stofnlán, enda ástæðulaust, að sjóðurinn veiti rekstrarlán, eftir að Iðnaðarbankinn er kominn til sögunnar.

Það er að vonum mikið áhugamál iðnrekenda og iðnaðarmanna, að iðja og iðnaður eignist sérstakan byggingarlánasjóð, hliðstæðan stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs. Er hér auðvitað um fullkomið sanngirnismál að ræða vegna hins mikla þjóðhagslega gildis þessa atvinnuvegar. Íslenzkum iðnaði hefur flevgt fram á undanförunum árum og íslenzkar iðnaðarvörur í mörgum greinum fullkomlega sambærilegar við erlenda iðnframleiðslu. Þótt einstakar greinar iðnaðarins kunni að eiga vafasaman rétt á sér, þá er það hin mesta þjóðarnauðsyn að efla sem mest heilbrigðan iðnað í landinu og tryggja íslenzkum iðnaðarmönnum viðunandi aðstöðu til þess að inna af hendi sem flesta þá þjónustu, sem ella yrði að kanna erlendis frá.

Iðnlánasjóður er þess nú alls ómegnugur að veita nokkur teliandi lán til stofnframkvæmda í iðnaðinum, og eins og nú standa sakir, er það nær eingöngu fiskiðja, sem á kost á stofnlánnum, ef undan eru skilin einstaka stórfyrirtæki, svo sem áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja. Hið löghöfna framlag til iðnlánasjóðs hefur að vísu verið hækkað allverulega, en þó nægir sú hækkun engan veginn til þess að leggja viðunandi grundvöll að byggingarlánasjóði. Með núverandi framlagi er sjóðnum aðeins auðveldað að hlaupa undir bagga með smálánveitingum, svo sem verið hefur, því að þótt sjóðurinn hafi ekki getað veitt stórlán, hefur hann samt með lánnum sínum tryggt mörgum iðnfyrirtækjum starfsgrundvöll.

Flm. þessa frumvarps telja sjálfsagt, að Alþingi mæti sanngiörnum óskum samtaka iðnrekenda og iðnaðarmanna um stofnlánasjóð, er veitt geti lán til nauðsvnlegra bygginga og vélakaupa til eflingar iðju og iðnaði í landinu. Nú er lagt hátt tollgjald á vmsar innlendar iðnaðarvörur. Fiskveiðiasjóður er fyrst og fremst byggður upp af siávarútveginum sjálfum með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Á sama hátt sýnist eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn nióti siálfur að verulegu leyti þess gjalds, sem honum er gert að greiða af framleiðslu sinni. Þar sem gjald af innlendum tollvörum er allstór tekjustofn fyrir ríkissjóð, þykir flm. ekki fært að svinta ríkissjóð þessum tekium að öllu leyti, en leggja til, að gjaldið skiptist að hálfu milli ríkissjóðs og iðnlánasjóðs.

Með hliðsjón af því, að flm. þessa frv. hafa í frv. um breyting á lögum um iðnlánasjóð lagt til, að sá sjóður verði eingöngu stofnlánasjóður, virðist heppilegra að leysa stofnfiárhörfina á þann hátt að efla iðnlánasjóð heldur en stofna nýjan byggingarlánasjóð fyrir iðnaðinn.